

Fréttabréf Garðasels

Janúar 2020

2020

Þema í janúar

Í janúar verður unnið með þórrann og gamla tímann. Hvernig voru húsin í gamla daga ? Hvaða matur var þá borðaður ? Hvernig leikföng voru til ? og margt fleira verður örugglega rætt og skoðað frekar. Margt er hægt að gera og vinna með sem tengist gamla tímanum, s.s. sögur, leiki og hefðir og heimsóknir í Byggðasafnið þar sem húsnæði og munir gamla tímans ráða ríkjum.



Hver deild skipuleggur sína vinnu þar sem tekið er mið af aldri og þroska barnanna og verður vikan 13. -19. janúar sérstök þemavika.

Diskódagur

Föstudaginn 10. janúar er Diskódagur. Þá setjum við upp diskóljós og eitthvað glimmer sem gleður. Gel í hárið og glimmer – dansað saman og haft gaman ☺



Ljósadagur

Fimmtudaginn 16. janúar er ljósadagur og þann dag mega börnin koma með vasaljós með sér í leikskólann til að leika með inni og úti. Þetta hefur alltaf verið spennandi og skemmtilegur dagur. Samræður um gamla tímann og hvernig fólk fór að því að elda matinn og lýsa upp

húsin sín tengist þessum degi – þó ekki hafi vasaljósum verið til að dreifa í “ gamla daga

Bóndadagskaffi

Föstudaginn 24. janúar kl: 8.00 – 9.30 bjóðum við þöbbum og öfum að koma til okkar í morgunkaffi frá kl: 8.00 til 9.30 í tilefni bóndadagsins. Boðið verður upp á nýbakað brauð (m/ osti, gúrnum) og kaffi. Vonum að sem flestir eigi þess kost að kíkja til okkar ☺



Þórrablót

Þórrablót verður **Þriðjudaginn 28. janúar** fyrir börn og starfsfólk í leikskólanum.

Boðið verður upp á slátur og meðlæti og síðan verður þórramatur á sérborði þar sem sittlítið af hverju verður í boði (súrt og nýtt).

Breyting á starfsmannahaldi

Margrét Ósk Ragnarsdóttir hefur látið af störfum að eigin ósk og kvöddum við hana fyrir jólafríið. Við þökkum henni fyrir samveruna og óskum henni alls hins besta.

Bertha María verður áfram hjá okkur í Garðaseli og mun fara inn á allar deildir eftir þörfum.

Flöskusöfnunin í desember

Flöskusöfnunin í desember gekk mjög vel en 26.500 kr söfnuðust og færum við foreldrum og börnum bestu þakkir fyrir góða aðstoð. Söfnunin var til styrktar Barnaþorpum SOS og var andvirði söfnunarinnar lagt inn á reikning samtakanna fyrir jólin.

Garðasel er Sólblómaleikskóli Barnaþorpa SOS og framlag barnanna og skólans er þessi árlega söfnun okkar. Einkunnarorð Sólblómaleikskóla er ;

Börn geta hjálpað öðrum börnum og gert heiminn að betri stað til að búa á.



Fatnaður og aðrir munir barna..... merkja vel



Enn og aftur er minnt á nauðsyn þess að merkja allt sem börnin eiga og koma með í skólann, sérstaklega fatnað. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að starfsmenn þekki alla vettlinga, húfur og annan fatnað barna og geti fundið það sem vantar, í lok dags, án merkinga. Ábyrgðin er ykkar, kærur foreldrar, merkið eigur barna ykkar vel þannig að þær skili sér frekar ef þær fara á flakk.

Þegar börnin eru sótt hefst oft mikil leit að einhverju sem börnin koma með að morgni (spennum, sokkum, smádóti), sem þau setja þetta einhvers staðar frá sér og muna ekki hvar. Stundum fara þessir hlutir með öðrum efniviði í leik dagsins og því erfitt að finna þá.

Sleppum því að biðja starfsmenn í lok dag að leita að þessum hlutum, þeirra hlutverk er að vera með börnunum og sjá um að allir séu kvaddir vel. Það sem vantar finnst væntanlega næsta dag og barnið setur það þá í skúffuna sína.

-VINÁTTA -

Foreldrar og hinir fullorðnu í umhverfi barna hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að því að kenna börnum sínum góð samskipti og verða góðir félagar. Þannig tryggjum við að börnin muni sjálf eignast vini sem er eitt af því mikilvægasta sem allir eiga.

